

Stjórnarfundur 28. febrúar 2024

Mættir: Ólafur Axel Björnsson, Friðrika Ásmundsdóttir, Rósa Björk Jónsdóttir, Steinunn Árnadóttir, Eyþór Gíslason og Kristín Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir, Helga Rósa, Hafdís Brynja og Baldur P frá Æskulýðsnefnd og Valdimar Reynisson frá Húsnefnd.

Eyþór setti fundinn og stjórnaði honum. Gestir boðnir velkomnir. Helga Rósa sagði frá starfinu, leikjanámskeið í gangi og námskeið með Denise. Sagt frá fyrirhuguðum æskulýðsdegi félaganna á Vesturlandi. Verið að vinna í samvinnu félaganna. Hugmyndir um að hafa líka t.d. leikjadag í höllinni, bingó, námskeið í t.d. flétta taum, snyrta fax. hugmynd að hafa vinnudag og búa til brokkspírur, einfalt gerði úr staurum og böndum eða öðru tilfallandi o.þ.h. Helga er búin að óska eftir styrk til að kaupa kennslutæki, nokkurs konar talstöðvar milli kennara og nemenda. Nefndin með hugmynd að hafa skemmtistund fyrir börn þegar grímutöltilið er.

Fyrirspurn um sportabler. Væri hægt að hafa námskeið í gegnum sportabler. Þá kæmu reikningar rafrænt sem væru til mikilla bóta. Einnig hægt að dreifa greiðslum þar ef námskeið eru dýr. Tólmstundarstyrkur Borgarbyggðar er í gegnum sportablerinn.

Valdimar tók til máls. Vantar aðeins upp á nefndir láti vita ef fundir eru haldnir í húsinu. Búið að panta félagsheimilið þónokkuð næstu mánuði. Hægt að nota litla fundarherbergið líka.

Listi frá húsnefnd: Gera skáp við vegginn að ræstikompunni undir stóla, hægt að hafa glerskáp fyrir framan undir verðlaunagripni. komin tími á að mála og laga hljóðvist. Vantar að laga í kringum vask í eldhúsi - stálplötu á vegginn, óhentugt svæðið við vaskinn. Kanna möguleika að setja internet í húsið.

Gestir yfirgáfu fundinn.

Speglar í reiðhöll.

Búið að ræða það fram og til baka. Komin tilboð frá Íspan og Kambar. Þarf að fá heildarsýn á hvað þetta kostar með öllu efni og vinnu og hvað á að gera mikið. Samþykkt að fara af stað í verkefnið. Kaupa spegla á aðra skammhliðina og allt það sem því fylgir. Ólafur Axel fylgir því eftir í samstarfi við lðunni.

Sambandsþing UMSB verður miðvikudaginn 13. mars á Hvanneyri. Þurfum að manna það.

Búið að sækja um leyfi fyrir dansleik síðasta vetrardag.

Umræða um tímatökubúnað.

Ákveðið var árið 2019 að kaupa búnað fyrir hagnað af kvennatölti sem var það vorið og ýmsir styrkir sem söfnuðust. Stjórnin tók yfir verkefnið en lítið gerst síðan. Gunnar fer í málið að athuga með verð og hvað safnaðist á sínum tíma.

Mátun og merking á Hrímnisfötum. Rúnar eigandi Hrímnis kom og var með föt til mátunar. Mjög góð sala á fatnaði og keppnisjökkum sem verður merkt. Kemur í byrjun maí. Keyptir voru 4 jakkar á stúlkur og drengi sem félagið á og hægt að lána. Steinunn mun taka að sér að sjá um jakkana og geyma þá.

Vesturlandssýning.

Komin nefnd. Formaður hennar er Halldór Sigurðsson. Eypór og Gunnar fara af stað að tala við félögin í kring. Finna dagsetningu.

Gunnar sá umferðarreglur í reiðhöll og leggur til að þannig sé sett upp hér. Einfalt plagg við hurðina. Á heimasíðunni eru bara umgengnisreglur.

Umræða um eldvarnir í hesthúsahverfinu. Eru brunahanar, er slökkviliðið með lista eða símanúmer eigenda? Er einhver neyðaráætlun til? Steinunn ætlar að tala við Heiðar slökkviliðsstjóra um þessi mál.

Friðrika tók til máls um stóra lánið. Ákveðið að greiða það upp strax.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 21.45. Næsti fundur ákveðinn 20. mars kl 19.30.